

Ed.

SI. Nefndarálit

um frumv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frumv. þetta er hið sama og frumv. það, er afgreitt var af síðasta þingi, og ekki var staðfest, vegna þess að dráttur varð á staðfestingu stjórnarskrárinnar. Frumv. er óbreytt að öðru en því, að ártölum er breytt í kaflanum: »Ákvæði um stundarsakir« — 1916 sett í stað 1915.

Nefndin hefir íhugað frumv. vandlega og leggur til, að háttv. deild samþykki það með eftirfarandi breytingum, sem flestar eru orðabreytingar einar og gerð verður nánari grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 20. gr.

Fyrir »auða rönd seðilsins« í síðustu málsgrein komi:
auða röndin á seðlinum.

2. Við 22. gr.

Fyrir »í efra framhorni«, í síðari málsgrein, komi:
á efra framhorni.

3. Við 30. gr.

Fyrir »riti kjörstjórn, þingmannaefnin« komi:
riti kjörstjórn og þingmannaefnin.

4. Við 49. gr.

Fyrir »jafnstóra seðla« komi:
samskonar seðla.

5. Við 65. gr.

Fyrir »10%«, í fyrri málsgrein, komi:
12%.

6. Við 70. gr.

Fyrir »við krossað«, komi:
krossað við.

7. Við 71. gr.

Fyrir »meingallar« í 7. málsgrein, komi:
gallar.

8. Við 72. gr.

á eftir orðinu »þeirra«, í 13. línu, 3. málsgreinar, komi:
þingmanna og varaþingmanna.

Alþingi, 23. júlí 1915.

Eiríkur Briem,
formaður.

Karl Finnbogason,
skrifari og framsögum.

M. Pjetursson.